



Verbytskyi, Bruch, Schumann

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna

Tónleikar í Seltjarnarneskirkju

laugardaginn 14. október 2023, klukkan 16:00

Stjórnandi: Oliver Kentish

Einleikur á selló: Ragnar Jónsson

Efnisskrá:

Mykhailo Verbytsky: Sinfónía VI

*Largo – Allegro – Tempo di Kolomejka – Allegro –
Tempo di Kolomejka – Allegro – Piu mosso*

Max Bruch: Kol Nidrei, fyrir selló og hljómsveit, op. 47

Robert Schumann: Sinfónía nr. 4 í d-moll, op. 120

*Ziemlich lebhaft – Lebhaft – Romanze - Scherzo –
Langsam – Lebhaft - Schneller - Presto*

Um tónskáld og flytjendur:

Mykhailo Verbytsky (1815 – 1870) er nú á dögum ef til vill þekktastur fyrir að hafa samið þjóðsöng Úkraínu. Hann fæddist í Jawornik Ruski, smáþorpi sem nú er í Póllandi, milli Kraków og Lviv í Úkraínu, og ólst upp þar nálægt núverandi landamærum Úkraínu, Póllands og Slóvakíu í Karpatafjöllum. Tíu ára gamall missti hann foreldra sína og ólst upp hjá föðurbróður sínum sem var biskup. Hinn ungi Mykhailo lærði til prests og óx úr grasi í menningarlegu umhverfi. Föðurbróðir hans stofnaði fyrstu prentsmiðju sem prentaði á úkraínsku, mest um úkraínska þjóðfræði og mál. Mykhailo hneigðist til tónlistar, lék á hljóðfæri, stjórnaði kór og samdi tónlist. Gítar var hljóðfæri hans og samdi hann talsvert af tónlistinni með gítar í hönd. Verbytsky er talinn meðal helstu frumkvöðla í úkraínskri tónsköpun. Hann samdi meðal annars kórverk, bæði trúarleg og veraldleg, kammertónlist, leikhústónlist og útsetti þjóðlög. Meðal hljómsveitarverka hans eru níu sínfóníur. Sú sem hér verður flutt er stutt, byggð á þjóðlagastefjum, ef til vill meira í ætt við forleik.



Kirkjan þar sem Mykhailo Verbytsky þjónaði sem prestur meginhluta ævinnar.



Max Bruch (1838 – 1920) fæddist í Köln og starfaði sem tónskáld, fiðluleikari og stjórnandi lengst af í Þýskalandi en einnig í Liverpool í Englandi. Hann samdi meira en 200 tónverk af ýmsu tagi en frægastur varð hann fyrir fiðlukonserta sín þrjá, einkum þann fyrsta. Svo vel féll hann tónleikagestum í geð að ýmsir sellóleikarar lögðu hart að honum að semja einleikskonsert fyrir sitt hljóðfæri líka. Þrátt fyrir yfirlýst áhugaleysi að semja sellókonsert („Ich habe wichtigere Dinge zu tun als dumme Cello-Konzerte zu schreiben“) varð þó til hið undurfagra „Kol nidrei“ fyrir selló og

hljómsveit, sem líklega er eitt mest flutta tónverk tónskáldsins í dag. Verkið byggist á tveimur stefjum, Kol Nidrei, bænarstefi gyðinga sem flutt er við upphaf Jom Kippur trúarhátíðarinnar, og stefi ensks sálmalags (Oh weep for those who wept on Babel's stream). Vegna tengingarinnar við gyðingdóm hefur sá orðrómur verið þrálátur að Bruch hafi verið gyðingur eða að minnsta kosti af gyðingaættum. Ekkert slíkt hefur komið í ljós, þvert á móti. Hann var heldur ekki Skoti þótt hann hafi samið Skoska fantasíu fyrir hljómsveit. Vegna vinsælda Kol nidrei hafa margir spreytt sig á að útsetja það fyrir aðra hljóðfærahópa, meðal annarra Bruch sjálfur.



Ragnar Jónsson, einleikarinn í Kol nidrei, er fæddur árið 1994, og hóf sellónám fimm ára gamall hjá Ásdísi Arnardóttur í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Veturinn 2002-2003 stundaði hann nám hjá Faith Farr við MacPhail Center for Music í Minneapolis í Bandaríkjunum, síðan aftur við Tónskóla Sigursveins hjá Örnólfi Kristjánssyni og Gunnari Kvaran. Framhaldsprófi lauk hann síðan vorið 2010. Vorið 2013 lauk hann diplómaprófi frá Listaháskóla Íslands þar sem kennarar hans voru Gunnar Kvaran og Sigurgeir Agnarsson. Við tók framhaldsnám við Konunglega Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn og París við Ecole Normale Supérieure de Musique de Paris. Hann hefur einnig sótt einkatíma og námsskeið hjá mörgum þekktum sellóleikurum. Ragnar útskrifaðist með

Bachelorsgráðu frá tónlistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2018 og með Mastersgráðu frá Staatliche Hochschule für Musik und Darstellende Kunst Mannheim í Febrúar 2022. Ragnar hefur komið fram sem einleikari með hljómsveitum í Þýskalandi sem og Íslandi, er virkur tónleikahaldari og kammermúsíkant, og kemur reglulega fram á ýmsum tónlistarhátíðum bæði heima og erlendis. Hann hefur meðal annars komið fram á Sumartónleikum í Skálholti, hjá Kammermúsíklúbbnum, Tíbrá, Tónlistarhátíð Unga Fólksins, The Icelandic Chamber Music Festival, Cycle Music and Art Festival, Norrænum Músíkdögum, Myrkum Músíkdögum, Beethovenfest Bonn, Podium Festival Esslingen, Pulsar Festival, UNM Festival, og Yellow Barn Chamber Music Festival. Ragnar hefur unnið til verðlauna og hlotið viðurkenningar fyrir leik sinn. Auk sellóleiks er Ragnar ástríðumyndlistamaður, og er mjög áhugasamur um flutning nýrrar tónlistar. Hann er annar skipuleggjandi nýlistahópsins PAKK Collectives sem hann stofnaði ásamt Flemming Viðar Valmundssyni harmonikkuleikara sumarið 2022.



Robert Schumann (1810 – 1856) tókst að semja fjórar sínfóníur þrátt fyrir viðvarandi andlegt heilsuleysi og tiltölulega skamma ævi. Á sínfóníska tónsköpunarsviðinu var samanburður við forvera og samtímamenn óneitanlega óhagstæður, Beethoven, Schubert, Mendelssohn og Brahms. Fæðingarhríðir voru því erfiðar. Fjórða sínfónían var í raun endurgerð á verki sem samið var næst á eftir þeirri fyrstu. Með henni er ljóst að Schumann ætlaði sér að brjóta upp hið klassíska form sínfóníunnar, þ. e. fjögurra kafla verk með hægum kafla, skertsói og hröðum lokakafla. Sínfónían skiptist að vísu í nokkra kafla, en þeir eru leiknir án greinilegra kaflaskila og stef eru endurtekin sem tengja þá saman. Til að

undirstrika þetta kallaði Schumann sjálfur verkið sínfóníska fantasíu. Sínfónían hlaut strax góðar viðtökur áheyrenda, enda hressileg tónsmíð með grípandi laglínur í bland við angurværa rómantík.

Sínfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð haustið 1990 og hefur starfað óslitið síðan. Starfsárið sem hefst með þessum tónleikum er því 34. starfsár hennar. Í hljómsveitinni leika hljóðfæraleikarar sem flestir hafa atvinnu af öðru. Hún er einnig vettvangur nemenda og tónlistarkennara til að iðka tónlist og viðhalda færni sinni. Hljómsveitina skipa að jafnaði 40-60 manns, en alls hafa hátt á annað hundrað manns leikið með henni í lengri eða skemmri tíma. Starfið er ólaunað. Aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi hin síðari ár er Oliver Kentish. Ingvar Jónasson, sem var einn af frumkvöðlum að stofnun hljómsveitarinnar, var aðalstjórnandi hennar allt frá upphafi og til ársins 2005 en þá lét hann af því starfi að eigin ósk. Ingvar lést árið 2014. Margir gestastjórnendur hafa einnig lagt hljómsveitinni lið. Æfingar eru eitt kvöld í viku, starfsárið er venjulega frá september til maí. Frumflutningur íslenskra verka hefur verið mikilvægur þáttur í starfi hljómsveitarinnar. Verk hafa verið samin fyrir hana, stundum að hennar frumkvæði. Að minnsta kosti fjögur virk tónskáld hafa leikið með sveitinni í lengri eða skemmri tíma. Fjöldi þekktra, íslenskra einleikara og einsöngvara hefur komið fram með hljómsveitinni. Sumir þeirra þreyttu frumraun sína á tónleikum sveitarinnar. Hljómsveitin hefur átt samstarf við marga kóra og flutt smærri og stærri verk fyrir kór og hljómsveit. Hún hefur einnig tekið þátt í kóramótum og leikið þar með hundruðum söngfólks frá ýmsum löndum. Haldnir hafa verið 4-7 tónleikar á ári, ef frá eru talin faraldursárin 2020 og 2021. Auk þess hefur hljómsveitin komið fram við ýmis tækifæri s.s. við athafnir í Háskóla Íslands, kirkjulistahátíðir og hátíðaguðsþjónustur. Hljómsveitin hefur farið nokkrar ferðir út á landsbyggðina og haldið tónleika í samstarfi við heimamenn. Má þar nefna Skálholt, Reykholt, Borgarnes, Ísafjörð, Dalvík og Vestmannaeyjar. Sveitin fór í tónleikaferð til Berlínar haustið 2008 og hélt tvenna tónleika í samvinnu við Orchester Berliner Musikfreunde, elstu áhugahljómsveit Berlínar sem þá nýlega hafði haldið upp á 140 ára afmæli sitt. Aðaltónleikarnir voru haldnir í Philharmonie, einu þekktasta tónleikahúsi veraldar. Síðastliðið vor kom hljómsveit frá Þýskalandi í heimsókn og héldu hljómsveitirnar sameiginlega tónleika í Reykjavík og Reykholti. Hin síðari ár hefur hljómsveitin átt samstarf við Nótuna, uppskeruhátíð tónlistarskólanna. Verðlaunahafar hafa fengið tækifæri til að leika einleik með hljómsveitinni á tónleikum hennar. Næstu Nótutónleikar verða í febrúar 2024.

Að þessu sinni er hljómsveitin þannig skipuð:

Konsertmeistari: Jónína Þ. Thorarensen

1.fíðla

Jónína Þ. Thorarensen
Ágústa María Jónsdóttir
Vera Steinsen
Jóhanna Vigdís
Guðjónsdóttir
Jelena Kuzminova
Elísabet Vala
Guðmundsdóttir

2.fíðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Rannveig Anna
Guðmundsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Runólfur Jóhannsson
Sólrún Svava Kjartansdóttir

Víóla

Þórunn Harðardóttir
Sigita Siciuniene
Elín Björk Jónasdóttir
Sólrún Sigurðardóttir
Helga María Rúnarsdóttir

Selló

Páll Einarsson
Yana Prykhodko
Anna Jörunn Stefánsdóttir
Guðrún Svana Hilmarsdóttir

Bassi

Kjartan Guðnason
Dean Ferrell

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Bolli Þórsson

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Ásdís Birta Guðnadóttir
Jose Boaventura

Fagott

Cameron Anderton
Adam Flint
Kaho Terazono

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Þorkell Jóelsson
Jón Hákon Richter
Brynjar Guðrúnarson
Petro Borysenko

Trompet

Jón Hafsteinn Guðmundsson
Steinar Matthías Kristinsson

Básúna

Rolf Gaedeke
Baldur Kári Malsch Atlason
Hallvarður Einar Logason

Pákur

Helgi Jónsson

Slagverk

Jóhann Hjörleifsson

Harpa

Sólveig Thoroddsen



Sinfóníuhljómsveit áhugamanna og Kammerkór Seltjarnarneskirkju flytja Magnificat Bachs á tónleikum 30. mars 2019

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju fyrir ómetanlegan stuðning við starf sveitarinnar

Ekki eru seldir aðgöngumiðar að tónleikunum,
en gestir eru hvattir til að styðja við starf hljómsveitarinnar
með frjálsum framlögum inn á reikning 0137 05 18182, kt. 470497 2469

